



## Fréttabréf forseta

Janúar 2017

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Fyrir hönd landsambandsstjórnar óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs nýs árs og þakka ykkur samstarfið á árinu sem var að líða. Vonandi hafið þið notið jólahátíðarinnar og eruð fullar af orku og tilbúnar að „**verka virkar og styrkja starfið**“. Það eru ýmis atriði sem þarf að huga að núna strax í byrjun árs og mun ég minna á þau helstu hér á eftir:

#### Skýrslur

Fyrst af öllu vil ég minna á skýrslugerðina sem á að vera lokið fyrir **1. febrúar**. Eins og ég kynnti fyrir ykkur í desemberfréttablaðinu eru skýrslurnar núna í einu skjali á vefnum og er slóðin að því: <https://goo.gl/forms/JloaxpaChrSduXYA2> Endilega hjálpist að í stjórn deildar við að svara skýrslunni og ef einhverjar spurningar vakna, þá hikið ekki við að hafa samband við mig. Ég þarf svo að skila samantekt úr öllum skýrslunum fyrir **1. mars**.

#### International scholarship

Á vefnum (og facebook) er ég búin að minna á umsókn í [International Scholarship](#) sjóðinn en þær konur

sem stunda framhaldsnám geta sótt um styrk í þann sjóð til **1. febrúar**. Styrkurinn er umtalsverður og eins og segir einhvers staðar: „miði er möguleiki“. Sigríður Ragna Sigurðardóttir í Alfateild var fulltrúi Evrópu í nefndinni á síðasta starfstímabili og er hún tilbúin að gefa góð ráð ef þörf krefur. Netfangið hennar er: [siggaragna@gmail.com](mailto:siggaragna@gmail.com).

#### Lucile Cornetet sjóðurinn

Í nóvemberfréttablaðinu minnti ég á að einnig þarf að sækja um í einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðsins fyrir **1. febrúar**. Þessi hluti sjóðsins styrkir konur til að sækja ráðstefnur og aðra viðburði er tengjast menntun, þó ekki viðburði innan DKG. Nánari upplýsingar eru á [vefnum okkar](#).

#### Næsta landsambandsstjórn

Fyrir jól kom beiðni frá uppstillingarnefnd um að deildir sendu tillögur um konur í næstu stjórn landsambandsins (2017–2019). Sú beiðni er hér með ítrekuð.

#### Landsambandsþing

Landsambandsþingið verður 6. og 7. maí hér á Akureyri. Dagskrá er ekki tilbúin en menntamálanefnd ásamt undirbúningsnefnd úr Beta- og Mýdeild eru á fullu við undirbúning. Drög að dagskrá verða birt eins fljótt og hægt er. Endilega ítrekið mikilvægi þess að mæta á þingin okkar við ykkar deildarkonur og reynið að skapa stemmingu fyrir því að fjölmenna. Við eigum frátekin **20 tveggja manna herbergi** á Icelandair hótelinu hér á Akureyri og höldum þeim til **1. mars**. Nánari upplýsingar (aðallega um gistinguna) eru komnar á [vefnum okkar](#) og verður bætt við upplýsingum jafnóðum og þær berast.

#### Evrópuþingið

Evrópuþingið verður haldið í Tallin í Eistlandi **26.–29. júlí 2017**. Ágripum að erindum þarf að skila inn fyrir **1. febrúar** og hefur það verið auglýst á vefnum. Ekki eru komnar frekari upplýsingar um þingið en verða birtar jafnóðum og þær berast. Gaman væri ef við fjölmenntum á þingið!

#### Lög og reglugerðir

Viljum við breyta lögum okkar og/eða reglugerðum? Vakin er athygli á að eini tíminn sem hægt er að breyta [lögum og reglugerðum](#) landsambandsins er á aðalfundi sem nú verður haldinn 7. maí í tengslum við landsambandsþingið. Ef félagskonur hafa tillögur að reglugerð og/eða reglugerðarbreytingum þarf að senda tillögur um slíkt til [laganefndar](#) landsambandsins a.m.k. 90 dögum f. landsambandsþing (**fyrir 10. febrúar 2017**) og gerir hún tillögur til landssambandsstjórnar a.m.k. 60 dögum fyrir þingið. Á þinginu eru svo greidd atkvæði um tillögur að breytingum og þurfa reglugerðartillögur að hljóta 2/3 greiddra atkvæða þeirra sem skráðar eru á landssambandsþingið.

#### Bestu kveðjur!

**Eygló Björnsdóttir, forseti DKG**

**Verum virkar –  
styrkjum starfið**

